

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með fjárframlagi Kiwanisklúbbsins Þyrils, Akranesi, kr. 146 709,20, og heimili sjóðsins og varnarþing er á Akranesi.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að standa straum af kostnaði við eftirtaldar aðgerðir, eftir því sem fé hans hrekkur til, varðandi kúttir Sigurfara, sem Kiwanisklúbburinn Þyrill hefur ákveðið að kaupa frá Færeyjum til að afhenda Byggðasafni Akraness og nærsveita til eignar og varðveislu:

- 1) Nauðsynlegar endurbætur á skipinu.
- 2) Færa skipið í það horf, er það var í upprunalega.

## 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Frjáls framlög og gjafir, vextir og annað, sem honum kann að áskotnast.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, sem tilnefndir eru af þessum aðilum: Stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita, 1 maður, Útvegsmannafélag Akraness, 1 maður, Sjómannadagsráð, Akranesi, 1 maður, Kiwanisklúbburinn Þyrill, 2 menn og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar, samkvæmt ákvörðun klúbbsins. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa á hendi þær aðgerðir, sem um getur í 3. gr. og ákvarðar hún hvernig eignum sjóðsins er ráðstafað í því skyni. Að þeim loknum skulu eignir sjóðsins renna til Byggðasafns Akraness og nærsveita til viðhalds og varðveislu skipsins. Stjórnin ákveður hvernig handbært fé sjóðsins er ávaxtað. Stjórnin skal halda gerðabók og annast reikningshald fyrir sjóðinn.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir af kjörnum endurskoðendum Akranesskaupstaðar.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar rétttra stjórnvalda á skipulagsskrá þessari.

## REGLUR

um þóknun til höfunda vegna opinbers flutnings bókmenntaverka og tónverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir.

## 1. gr.

Höfundum ber þóknun fyrir opinberan flutning bókmenntaverka og tónverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir. Í því skyni skal innheimta gjald, er miðist við tiltekinn hundraðshluta þeirra launa, sem flytjendur nefndra verka fá greitt fyrir flutning sinn við þessar athafnir, sbr. 2. og 3. gr. reglna þessara.

## 2. gr.

Vegna flutnings verka við guðsþjónustur skal árlega greiða úr ríkissjóði fjárhæð, er nemi þremur af hundraði af áætluðum heildarlaunum til flytjenda, sem laun taka fyrir flutning sinn við guðsþjónustur. Skal við gerð fjárlaga ár hvert

áætla nefnt gjald á grundvelli tiltækra upplýsinga um heildarlaun til flytjenda á því ári.

### 3. gr.

Vegna flutnings verka við jarðarfarir skal hverju sinni heimt gjald, er sé fimm hundraðshlutar af launum flytjenda. Fela má föstum organleikurum við kirkjur og úlfararstjórnnum að annast innheimtu þessa gjalds gegn þóknun, sem menntamálaráðherra ákveður.

### 4. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er varið skal til styrktar tónskáldum og textahöfundum, er semja kirkjuleg verk, og skulu renna í sjóð þennan tuttugu af hundraði þeirra gjalda, sem innheimt eru samkvæmt 2. og 3. gr. reglna þessara.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skal einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og er hann formaður sjóðstjórnar, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar og einn skv. tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, eða þeim hagsmunasamtökum rithöfunda, sem kunna að taka við af því sambandi.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um skipulag og hlutverk sjóðsins.

### 5. gr.

Að frádregnum innheimtukostnaði og greiðslum í sjóð þann, er stofna skal samkvæmt 4. gr., skal gjald það, sem innheimt er í samræmi við 2. og 3. gr., renna til Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, en samtök þessi sjá um greiðslu þóknunar til höfunda í samræmi við eigin úthlutunarreglur, eftir því sem við getur átt. Þó skal sú regla gilda í þeim tilvikum, þar sem tónverk er flutt með texta og hvorutveggja er verndað að höfundarétti, að höfundabóknun skiptist jafnt á milli tónskálds og textahöfundar og að öðru leyti sé textinn við úthlutun ævinlega metinn til jafns við tónverkið.

### 6. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um innheimtu gjalda samkvæmt reglum þessum eða fela hana Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar, sem einnig annast úthlutun þeirra, sbr. 5. gr.

### 7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4 tl. 21. gr. höfundalaga nr. 73/1972, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 11. júlí 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

um Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.

### 1. gr.

Stofnunin heitir: Mannfræðistofnun Háskóla Íslands og hefur aðsetur í Reykjavík.